


Gildandi deiliskipulag tók gildi 11. júní 2008. Síðast breytt 6. október 2009 - mkv. 1:2000

fyrir breytingu

0 10 20 30 40 50 60 70 80 90 100 m

## GREINARGERÐ

### Kafli 3.4 Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði

Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði (B) eru svæði í umsjá hafnaryfirvalda, Hafnasamlags Norðurlands. Á þeim eru engar byggingar aðrar en lítil þjónustuhús fyrir löndunarbúnað og tengibúnað skipa og báta við veitur.

Á svæðunum er aðgangsstýring vegna skipa sem falla undirlög um siglingavernd nr. 50/2004, þ.e. skipa í millilandasiglingum. Á Oddeyrarbryggju er varanleg girðing en á öðrum hafnarbökkum eru færanlegar girðingar, sem settar eru upp eftir þörfum. Girðingar vegna aðgangsstýringar eru ekki sýndar í deiliskipulagi.

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| 19.2 | 2.6 | Oddeyrarbryggja og Tangabryggja. | Óbyggt, Girðingar v/aðgangsstýringar. Gert ráð fyrir lengingu Oddeyrarbryggju og Tangabryggju með þili og uppfyllingu (samtals um 0.3ha). |
| 19.14 | 4.4 | Götustæði Silfurtanga, löndunarkantur og ísbryggja, Fiskihöfn og Togarabryggja. | Silfurtangi felldur út úr gatnakerfi bæjarins. Verður aðkomu- og þjónustuleið og hluti hafnarbakkasvæðis. Gert ráð fyrir fyllingu (0,5 ha) og breytingu á Togarabryggju og Ísbryggju þar sem nýr viðlegukantur kemur í stað gömlu hafnarkantanna sem gerðir voru 1956-58. Óbreytt fyrir utan breytingu á Togarabryggju. Minni háttar fylling við vesturbakka fiskihafnarinnar. |
| 19.23 | 1.2 | Slippkantur og flotkvíardokk. | Óbreytt. |

### Kafli 3.6 Geymslusvæði og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| 19.4 | 1.8 | V Vöruhöfnin á Oddeyrartanga. Tvær lóðir. | Óbyggt fyrir utan um 11 m² byggingarreit fyrir stefnusendi fyrir aðflug að Akureyrarflugvelli (merkt Z, veitumannvirki). |
| 19.8 | 1.1 | V Vöruhöfnin við Tangabryggju. | Óbyggt svæði. |
| 19.20 | 0.8 | V Athafnasvæði í Fiskihöfn. | Óbyggt svæði. |

### Kafli 3.7 Lóðir á hafnarsvæðum

3.7.1 V - Vöruhöfn, vörugeymslur og flutningastarfsemi

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| 19.3 | 0.62 | V Oddeyrarskáli | Fullbyggt. |
| 19.5 | 0.67 | V Kornvörugeymslur og sérhæfð löndunarbryggja. | Byggingarreitur fyrir nýbyggingu. Hæð taki mið af núverandi byggingum. |
| 19.7 | 0.4 | V Óbyggð lóð. | Lóð fyrir flutningastarfsemi, byggingarreitur fyrir vörugeymslu. |
| 19.10 | 0.6 | V/H Tvær lóðir, óbyggðar. | Lóðir fyrir flutningastarfsemi eða aðra hafnsækna starfsemi sbr. 3.6.4. |
| 19.18 | 0.35 | V Vörugeymsla. | Lóð fyrir vörugeymslu. Stækkunarmöguleikar |
| 19.21 | 0.77 | V/H Ein lóð, óbyggð. | Lóð fyrir flutningastarfsemi eða aðra hafnsækna starfsemi sbr. 3.6.4. |




Breyting á deiliskipulagi - mkv. 1:2000

eftir breytingu

0 10 20 30 40 50 60 70 80 90 100 m

## BREYTINGAR Á GREINARGERÐ

Breyting á flatarmáli opins svæðis 19.1, er innan skekkjumarka (flatarmál mælt í hekturum) og hefur ekki áhrif á skráðar upplýsingar í kafla 3.9.

### Kafli 3.4 Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði

Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði (B) eru svæði í umsjá hafnaryfirvalda, Hafnasamlags Norðurlands. Á þeim eru engar byggingar aðrar en lítil þjónustuhús fyrir löndunarbúnað og tengibúnað skipa og báta við veitur.

Á svæðunum er aðgangsstýring vegna skipa sem falla undirlög um siglingavernd nr. 50/2004, þ.e. skipa í millilandasiglingum. Á Oddeyrarbryggju er varanleg girðing en á öðrum hafnarbökkum eru færanlegar girðingar, sem settar eru upp eftir þörfum. Girðingar vegna aðgangsstýringar eru ekki sýndar í deiliskipulagi.

Konmið er fyrir nýjum byggingarreit fyrir þjónustuhús á Tangabryggju, hámarksstærð er 120m².
Svæði 19.7 er breytt í umferðar- og þjónustusvæði og það stækkað.

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| 19.2 | 2.7 | Oddeyrarbryggja, Tangabryggja og þjónustuhús. | Óbyggt, Girðingar v/aðgangsstýringar. Gert ráð fyrir lengingu Oddeyrarbryggju og Tangabryggju með þili og uppfyllingu (samtals um 0.3ha). Þjónustuhús á Tangabryggju, hámarksstærð er 120m². |
| 19.14 | 4.4 | Götustæði Silfurtanga, löndunarkantur og ísbryggja, Fiskihöfn og Togarabryggja. | Silfurtangi felldur út úr gatnakerfi bæjarins. Verður aðkomu- og þjónustuleið og hluti hafnarbakkasvæðis. Gert ráð fyrir fyllingu (0,5 ha) og breytingu á Togarabryggju og Ísbryggju þar sem nýr viðlegukantur kemur í stað gömlu hafnarkantanna sem gerðir voru 1956-58. Óbreytt fyrir utan breytingu á Togarabryggju. Minni háttar fylling við vesturbakka fiskihafnarinnar. |
| 19.23 | 1.2 | Slippkantur og flotkvíardokk. | Óbreytt. |
| 19.7 | 0.9 | B Óbyggð lóð. | Óbyggt. Svæði fyrir fyrir rútustæði o.þ.h. vegna farþegaskipa. |

### Kafli 3.6 Geymslusvæði og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| 19.4 | 1.2 | V Vöruhöfnin á Oddeyrartanga. Ein lóð. | Óbyggt fyrir utan um 11 m² byggingarreit fyrir stefnusendi fyrir aðflug að Akureyrarflugvelli (merkt Z, veitumannvirki). |
| 19.8 | 1.1 | V Vöruhöfnin við Tangabryggju. | Óbyggt svæði. |
| 19.20 | 0.8 | V Athafnasvæði í Fiskihöfn. | Óbyggt svæði. |

### Kafli 3.7 Lóðir á hafnarsvæðum

3.7.1 V - Vöruhöfn, vörugeymslur og flutningastarfsemi

| Nr. | Stærð | Starfsemi | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|
| 19.3 | 0.62 | V Oddeyrarskáli | Fullbyggt. |
| 19.5 | 1.0 | V Kornvörugeymslur og sérhæfð löndunarbryggja. | Byggingarreitur fyrir nýbyggingar og stækkun á núverandi byggingarreit skrifstofu- og lagerhúsnæðis. Hæð taki mið af núverandi byggingum. |
| 19.10 | 0.6 | V/H Tvær lóðir, óbyggðar. | Lóðir fyrir flutningastarfsemi eða aðra hafnsækna starfsemi sbr. 3.6.4. |
| 19.18 | 0.35 | V Vörugeymsla. | Lóð fyrir vörugeymslu. Stækkunarmöguleikar |
| 19.21 | 0.77 | V/H Ein lóð, óbyggð. | Lóð fyrir flutningastarfsemi eða aðra hafnsækna starfsemi sbr. 3.6.4. |

## SKÝRINGAR

- Skipulagsmörk
- 19.3 Svæðamörk, lóðamörk, svæðanúmer
- Lóðamörk innan svæða
- Lóðamörk sem falla úr gildi
- Byggingarreitur
- Hafnarbakkar, umferðarsvæði, þjónustusvæði
- V Lóðir og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar
- V/M/S Lóðir, hafnsækin starfsemi
- Z Z Veitumannvirki, svæði og/eða byggingarreitur
- G Gatnakerfi
- O Opið svæði
- Landfylling
- Gangstígur
- Inn- útakstur
- Kvöð um umferðarrétt
- Kvöð um lagnir í jörð
- Núverandi byggingar
- Hús sem heimilt er að fjarlægja

| H 4,5 | Starfsemi | Mesta vegghæð langhliða |
|---|---|---|
| 15 0,3 | Hámarksþakhalli | Nýtingarhlutfall |

Lóðir:

- B Hafnarbakkar, umferðar- og þjónustusvæði
- V Vöruhöfn, vörugeymslur og flutningastarfsemi
- M Matvælaiðnaður
- S Skipasmíðar og tengd starfsemi
- H Önnur hafnsækin starfsemi
- I Iðnaður
- Þ Hafnarþjónusta
- Z Veitumannvirki
- O Útivistarsvæði, óbyggð svæði

## Nýjar skýringar

- Mörkun deiliskipulagsbreytinga




Aðalskipulag Akureyrar 2005 - 2018, mkv. 1:10.000

## STUTT LÝSING Á TILLÖGU AÐ BREYTINGUM Á DEILISKIPULAGI

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að deiliskipulagi hafnarsvæða sunnan Glerár verði breytt vegna áforma um þjónustuhús á Tangabryggju, breytingar á aðstöðu fyrir rútur, leigubíla og bílaleigubíla í tengslum við aukningu á komum skemmtiferðaskipa að Oddeyrar- og Tangabryggju og stækkunar svæðis 19.5 (lóð Bústólpa) ásamt breytingum á byggingarreitum á svæðinu.

## BREYTING Á SKIPULAGSUPPDRÆTTI

### Opið svæði 19.1

Austurmörkum svæðisins er breytt lítillega vegna breytinga á svæði 19.2.

### Hafnarbakkar, umferðarsvæði og þjónustusvæði 19.2

Innan svæðisins eru gerðar þrjár breytingar.

*Vesturmörkum svæðisins er hnikað lítillega til vesturs til þess að stækka núverandi rútustæði í tengslum við komur farþegaskipa að Oddeyrarbryggju.*

*Við stækkun á lóð Bústólpa (svæði 19.5) til norðurs og suðurs minnkar svæðið sem því nemur.*

*Komið er fyrir nýjum byggingarreit fyrir að hámarki 120m² þjónustuhús við Tangabryggju.*

### Lóðir og athafnasvæði í umsjá hafnarstjórnar, svæði 19.4

Felld er út önnur af tveimur lóðum svæðisins, þ.e.a.s. sú nyrðri. Auk þess minnkar svæðið um 0.1ha vegna stækkunar á lóð Bústólpa.

### Lóð fyrir hafnsækna starfsemi, svæði 19.5

Lóð Bústólpa er stækkuð til norðurs, vesturs og suðurs. Heildarstækkun lóðarinnar er 2.859m². Komið er fyrir nýjum byggingarreit á norðurhluta lóðarinnar og byggingarreitur utan um núverandi skrifstofu- og lagerhúsnæðis stækkaður til suðurs og vesturs. Kvöð um lagnir í jörðu helst óbreytt. Kvöð um umferðarétt innan lóðar færist með lóðarstækkun til vesturs.

### Lóðir fyrir hafnsækna starfsemi, svæði 19.7

Notkunarskilgreiningu er breytt úr lóð fyrir hafnsækna starfsemi yfir í hafnarbakkar, umferðar- og þjónustusvæði. Jafnframt er svæðið stækkað um breidd sína til austurs að Sjávargötu á kostnað svæðis 19.4.

### Breytingar á gatnakerfi

Sunnan við Gránufélagshúsið við Strandgötu er bætt við átta þverliggjandi bílastæðum.

### Breytingar á aðalskipulagi

Samhliða þessari breytingu á deiliskipulagi Hafnarsvæða sunnan Gerár, er gerð breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018 þar sem gert er ráð fyrir ofangreindum breytingum.

## ÁHRIFAMAT

Hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um, eru tilgreindar í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) og fellur skipulag Akureyrarhafnar því undir ákvæði laga um umhverfismat áætlana (105/2006). Skipulagsbreytingin felur hvorki í sér grundvallar breytingar á skipulagi svæðisins né teljandi áhrif á umhverfið.

Breytingin felur í sér minni háttar breytingu á afmörkun hafnarsvæðis (2.11.19 H) í aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018. Breytingin hefur ekki áhrif á aðrar skipulagsáætlanir eða landsáætlanir. Breytingin stangast ekki á við umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda. Engin munur er á umhverfisáhrifum "núllkosts" og breytinga.

Ekki er talin ástæða til þess að viðhafa sérstakar mótvægisaðgerðir eða vöktun vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Þessi tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem hefur hlotið málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010, frá ________ til ________ var samþykkt í skipulagsnefnd Akureyrar þann ______________2012.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann ________2012.

Uppdrætti þessum fylgir skýringaruppdráttur dagsettur 15. febrúar 2012.

# DEILISKIPULAG HAFNARSVÆÐA SUNNAN GLERÁR AKUREYRI

verk: teikn. ÁH mkv: 1:2000 í A2

efni: DEILISKIPULAGSTILLAGA.

dags: 15.02.2012 a: b: c: nr: 1

form

ÁRNI ÁRNASON húsgagna- og innanhússarkitekt FHÍ
ÁGÚST HAFSTEINSSON arkitekt FAÍ

ARKITEKTAR HÖNNUÐIR

KAUPANGI v/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 462 6099 NETFANG FORM@NETT.IS